



Verklagsreglur um sölu áfengis á íþróttaviðburðum í Kórnum

Markmið reglnanna er að tryggja örugga og ábyrga sölu áfengis í samræmi við lög og reglur, með öryggi gesta í fyrirrúmi.

1. Leyfi og ábyrgð

- Sala áfengis er einungis heimil með tilskildu leyfi.
- Ábyrgðarmaður viðburðar ber ávallt ábyrgð á að farið sé eftir þessum reglum.
- Aðeins 20 ára og eldri einstaklingar með viðeigandi þjálfun mega selja áfengi.

2. Sölusvæði og neysla

- Áfengi má aðeins selja og neyta á sérstöku svæði innan Kórsins, í veislusal Kórsins og VIP rýmum.
- Neysla áfengis utan þess svæðis er bönnuð.

3. Aldurstakmörk

- Aðeins 20 ára og eldri mega kaupa áfengi.
- Starfsfólk skal biðja um skilríki ef þörf krefur.
- Óheimilt er að selja áfengi til áberandi ölvaðra einstaklinga.

4. Öryggi og eftirlit

- Öryggisverðir skulu vera til staðar og tryggja að farið sé eftir þessum reglum.
- Kvartanir og ábendingar skulu berast til ábyrgðaraðila.

5. Viðurlög

- Brot geta leitt til brottvísunar gesta.
- Aðalstjórn endurskoðar reglurnar í janúar hvert ár.

Samþykkt af aðalstjórn HK 11. ágúst, 2025